

5. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðist úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd. Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

7. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Fellahrepps í Norður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. febrúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

G J A L D S K R Á

fyrir heimilishjálp á Seltjarnarnesi.

1. gr.

Ellilífeyrisþegar og öryrkjar með fulla tekjutryggingu greiða ekki heimilishjálp.

2. gr.

Bótaþegar með skerta tekjutryggingu greiða $\frac{1}{3}$ tímakaups samkv. samningum Sóknar.

3. gr.

Bótaþegar sem hafa ekki rétt til tekjutryggingar greiða $\frac{1}{2}$ tímakaup samkv. samningum Sóknar.

4. gr.

Tekjur miðast við janúar 1980.

kr./klst.	Tekjuviðmiðun einstaklinga	Tekjuviðmiðun hjóna
Kaup		
0	0—148 000	0—258 639
529	148 001—243 887	258 640—409 724
794	243 888 og meira.	409 725 og meira.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilis- hjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUR

um vinnuöryggi á fiskiskipum.

HLUTI J 10.

— Efnisyfirlit —

1. gr.
- 1.0.0. Öryggi á opnu þilfari.
- 1.1.0. Gangar, stigar, landgangur og handrið. (Öll fiskiskip).
- 1.2.0. Skuttogarar.
- 1.3.0. Hringnótaskip.
- 1.4.0. Línu- og netaveiðiskip.
2. gr.
- 2.0.0. Öryggi á milli-þilfari og í lestum.
- 2.1.0. Þil, stytur, laus borð.
- 2.2.0. Gangar, stigar og handrið.
- 2.3.0. Hlífar við vinnuvélar og færíbönd.
3. gr.
- 3.0.0. Vinnuljós.
4. gr.
- 4.0.0. Öryggi í vélarrúmi.
5. gr.
- 5.0.0. Þilfarsvindur og lyftibúnaður.
6. gr.
- 6.0.0. Kælivélar.
7. gr.
- 7.0.0. Hylki fyrir þjappaðar lofttegundir.

1. gr.

- 1.0.0. Öryggi á opnu þilfari.
- 1.1.0. Gangar, stigar, landgangar og handrið. (Öll fiskiskip).
- 1.1.1. Gangar utan vistarvera skulu vera hæfilega breiðir fyrir þá notkun, sem þeim er ætluð. Þeir skulu búnir handriðum, þar sem þess er talin þörf. Gólf í göngum skulu vera þannig, að hreingerning þeirra sé auðveld og að ekki gæti hálfu í bleytu.
- 1.1.2. Stigar og stigaprep skulu gerð úr óbrennanlegu efni, og þrepin þannig, að ekki verði hált í bleytu, t. d. úr upplyftu stáli eða áli.